

Grindavíkurbær
Elísabet Bjarnadóttir
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 17. ágúst 2023
UST202307-055/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Bláa lónið - Grindavíkurbær

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grindavíkurbæjar er barst 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bláa lónið í Svartsengi.

Í greinargerð kemur fram breytingin á deiliskipulaginu gengur út á að lóðirnar Norðurljósavegur nr. 9 og nr. 11 eru sameinaðar, lóðin Norðurljósavegur 9a undir Þjónustuhús við aðkomu að Heilsulind Bláa Lónsins er stækkuð, þjónustuhús á Norðurljósavegi 9a stækkað, fyrirhugað er að stækka núverandi Silica Hótel sem hluta af núverandi á lóð Norðurljósavegi 7, landsvæði undir Silica Hótel stækkar og aðkoma sunnan við Retreat Hótel á Lóð Norðurljósavegi nr. 11 er tekin út.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að heildarskipulag og hugmyndir um frágang lóðar skulu miða að því að landið haldi sínu yfirbragði sem ósnert náttúra eins og kostur er. Hraun og mosi, sem eru einkennandi fyrir svæðið, verða ekki færð í fyrra horf verði þeim raskað og því ber að varast öll óþarfa spjöll við verklegar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í greinargerð tillögunnar segir (skilmálar deiliskipulags) „landið haldi sínu yfirbragði sem ósnert náttúra eins og kostur er“... og ... „varast öll óþarfa spjöll“ ...

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Fráveita

Í greinargerð segir gert er ráð fyrir að leysa fráfrennsli í rotþróum með tvöföldu holræsakerfi sbr. núverandi lausnir. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé nánar um fráveitumál á svæðinu, staða fráveitumála í dag og framtíðarsýn.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni áætlaður fjöldi gesta og starfsmanna sem dvelja og heimsækja verslunarsvæðið að jafnaði. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um umfang fráveitu, þ.e. hversu mörgum persónueiningum það skal anna með tilliti til fjölda gesta og eðlis hreinsivirkja.

Umhverfisstofnun bendir á að kröfur um hreinsun á fráveituvatni eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur